



Til: sas@skipulag.is

Efni: Endurbætur á kísilverksmiðju í Helguvík - matsáætlun

Upplýsingar:

Sent: 05.12.2018 16:27:23 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018110034, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2018110034

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 19. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að matsáætlun vegna endurbóta á kísilverksmiðju í Helguvík.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir matsáætlunina og telur, út frá starfssviði stofnunarinnar og almennt, að í áætluninni komi að mestu fram hvaða þætti þarf að fjalla um og á hvaða þætti þarf að leggja sérstaka áherslu. Þar sem mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar hefur áður farið fram, fyrir núverandi stöðu verksmiðjunnar, er sérstök áhersla lögð á það í nýju mati að gerð sé grein fyrir þeim þáttum þar sem forsendur hafa breyst eða fyrirliggjandi upplýsingar hafa ekki verið nægjanlega vandaðar. Flestir þessir þættir snúa að mengun og rekstri kísilverksmiðjunnar.

Í matsáætluninni er sérstaklega tekið fram að ekki verður fjallað um gróður en fjallað verður um áhrif á fuglalíf. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að ekki verði fjallað ítarlega um gróður en telur engu að síður að í frummatsskýrslunni eigi að færa rök fyrir því hvers vegna það er ekki gert bæði m.t.t. loftborinnar mengunar og staðsetningar framkvæmdarinnar. Inn á þetta er komið í matsáætluninni s.s. að um er að ræða þegar raskað iðnaðarsvæði. Frummatsskýrslan mun þá leiða í ljós áreiðanleika þeirra upplýsinga sem liggja að baki fyrrgreindri ákvörðun. Ekki virðist fjallað um jarðfræði eða jarðminjar í matsáætluninni og ekki er að finna útskýringar á því. Úr þessu þarf að bæta með sama hætti og með gróðurfar þó flestum geti þótt augljóst hvers vegna ekki er þörf á ítarlegri umfjöllun um efnið.

Náttúrufræðistofnun telur að almennt eigi í frummatsskýrslu að gera grein fyrir öllum náttúrufarsþáttum sem til greina koma svo þeir sem lesi matsskýrslur sjái heildarmyndina hverju sinni þó sumir náttúrufarsþættir fái litla sem enga umfjöllun enda sýnt fram á að þess er ekki þörf miðað við aðstæður.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

